

244. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 5. september 2022 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi,

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2209027 - Betra Ísland - kynning

Kynning betra Akranes, sem felst í aukinn lýðræðislegri þátttöku íbúa um uppbyggingu á Akranesi.

<https://stafraen.sveitarfelog.is/spjallstofur/betra-island/>

Björn B. Gíslason verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri tóku sæti í fundinum undir þessum lið.

Róbert Bjarnason fyrir hönd Betra Ísland kynnti lausn fyrir skipulags- og umhverfissráð sem stuðlar að aukinni lýðræðislegri þátttöku íbúa Akraness til ákvörðunartöku ýmissa verkefna.

Ráðið þakkar Róberti fyrir áhugaverða og góða kynningu.

Ráðið felur sviðsstjóra og starfsmönnum sem sátu undir þessum fundarlið að skoða betur framkvæmdarþáttinn og verður málið tekið fyrir aftur á næsta fundi ráðsins.

2. 2205083 - Kirkjubraut 2 - breyting í 2 íbúðir - umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi umfangsflokkur 2

Óskað er eftir að breyta íbúð á 4.hæð í tvær íbúðir.

Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að afla frekari gagna um málið. Stefnt verði síðan að því að taka það inn á næsta fund ráðsins.

3. 2209014 - Akralundur 28 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að breyta deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A, vegna lóðar nr. 28 við Akralund. Breytingin felst í að breyta nýtingarhlutfalli lóðarinnar úr 0,35 í 0,40, engin breyting er gerð á byggingarreit.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna erindið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum að Akralundi 30, 33 og 43, ásamt Skógarlundi 2.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:50.

Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Valgarður L. Jónsson
Sigurður Páll Harðarson
Karl Jóhann Haagensen